

Ísafjarðarbær

B/t skipulagsfulltrúa

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Ísafirði 20. desember 2023

Varðar grenndarkynningu á fyrirhugaðri lóð að Hlíðarvegi 50, mál 2023110126

Við undirrituð, eigendur Hlíðarvegs 48 fmnr. 2119889, viljum koma eftifarandi ábendingum og athugasemduum á framfæri vegna fyrirhugaðrar stofnunar lóðar að Hlíðarvegi 50.

Almennt um aðstæður á Hlíðarvegi:

Ísafjarðarbær keypti húseignina Hlíðarveg 51 árið 2004 til niðurriffs til að draga úr kostnaði við snjómokstur auk þess að fá snúningshaus fyrir enda götunnar (sjá mál nr. 2004060010). Fram að því hafði ysti hluti Hlíðarvegar verið botnlangi með mjög erfiðum aðstæðum til snjómoksturs þar sem snjósöfnunarsvæði vantaði auk þess sem gatan er mjög þróng á köflum sem gerir moksturstækjum erfitt fyrir að athafna sig. Með niðurrifi Hlíðarvegs 51 varð til gott snjósöfnunarsvæði norðan við lóð Hlíðarvegs 48 en einnig langþráð bílastæði fyrir íbúa sem var malbikað við endurgerð götunnar árið 2015.

Verði af húsbyggingum utan við núverandi byggð er fyrirsjánlegt að kostnaður við snjómokstur mun fara í fyrra horf enda er lóðin Hlíðarvegur 50 fyrirhuguð á núverandi snjósöfnunarstað og því nauðsynlegt að kostnaðarmat liggi fyrir við ákvörðun um lóðaúthlutanir.

Bílastæðum við götuendann mun fækka um helming en þau hafa verið mikið nýtt lungann úr árinu, það er einungis yfir bláveturinn sem 6 – 8 bílar nýta þau að jafnaði. Engin önnur almenningsstæði er að finna utan við Hlíðarveg 43, öll stæðin við Hlíðarveg 45 eru í einkaeigu. Því er fyrirsjánlegt að mikil vandræði skapist fyrir íbúa nærliggjandi húsa vegna skorts á bílastæðum verði af framkvæmdum.

Við endurgerð Hlíðarvegar árið 2015 voru innviðalagnir ekki lengdar út fyrir eldri hluta hússins að Hlíðarvegi 48. Verði af húsbyggingum utar þarf að líkendum að opna nýuppgerða götu til að komast í fráveitulagnir, vatnslagnir, fjarvarmaveitu og rafmagnslagnir með tilheyrandi kostnaði og viðgerðum á yfirborðslagi og gangstéttum. Við teljum nauðsynlegt að kostnaðarmeta þann þátt sérstaklega áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir. Þá þarf einnig að gera ráð fyrir afskriftarkostnaði vegna þess hluta bílastæðisins sem yrði fjarlægður, en bílastæðið er eignfært í bókhaldi Ísafjarðarbæjar.

Að öllu framansögðu er ljóst að nýbygging að Hlíðarvegi 50 mun valda miklu raski fyrir íbúa og kostnaði fyrir bæjarfélagið og við leggjum mikla áherslu á að ef vilji bæjarstjórnar er að þéttu byggð á svæðinu sé bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að skoða skipulag á svæðinu í heild. Þar horfum við til svæðis sem markast af rauðum línum á neðangreindri mynd, þ.e. svæði sem markast af ofanflóðavörnum ofan

Hjallavegar og auðum svæðum utan við Hjallaveg 16, Hlíðarveg 45 og Hlíðarveg 48. Hér væri hægt að koma fyrir allnokkrum byggingarreitum, etv. fyrir lítil raðhús eða aðra gerð fjölbýlishúsa og í leiðinni skipuleggja heildstætt snjómokstur og -söfnun fyrir báðar göturnar. Úttagður kostnaður bæjarins pr. nýbyggða íbúð gæti lækkað verulega frá núverandi hugmyndum.



Varðar Hlíðarveg 48 sérstaklega:

Verði af fyrirhuguðum framkvæmdum á Hlíðarvegi með tilheyrandi fækkuð almennra bílastæða óskum við eftir að lóð Hlíðarvegar 48 verði stækkuð til norðurs sem nemi bílastæðum sem teljist hæfileg fyrir hús af þessari stærð, við myndum þá einnig hafa aðkomu að húsinu norðanmegin ólíkt þeim lóða-upplætti fyrir Hlíðarveg 50 sem fylgdi erindi skipulagsfulltrúa. Okkur er nauðsynlegt að geta komist að húsinu norðanmegin til viðhalds, enda eru þrír gluggar á þeirri hlið, þar af tveir neðan götuhæðar. Ekki er raunhæft að koma bílastæðum fyrir sunnan hússins þar sem lóðin liggur uppb. tveimur metrum neðan við götuhæð, brunahani stendur fyrir miðri lóðinni og í gegnum hana liggur fráveitulögnum ofan af Hlíðarvegi.

Árið 2004 endurbættum við lóðina við Hlíðarveg 48 og buðum þá bæjaryfirvöldum að endurnýja lögnina. Niðurstaða þáverandi yfirmanns tæknideilda og þáverandi bæjarverkstjóra var að gera það ekki, enda yrði lögnin færð norður fyrir húsið við endurbyggingu götunnar. Þegar Hlíðarvegurinn var svo endurbyggður árið 2015 var áréttar munnlega við yfirmann tæknideilda og verktaka að flytja

þyrfti lögnina en það var ekki gert. Í gegnum garð okkar liggur því gömul fráveitulögn sem mun tæplega þola að ofan á hana leggist sá jarðvegur sem þyrfti til að útbúa bílastæði þeim megin hússins. Spölkorn frá fráveitulögninni stendur brunahani sem við bentum á við gatnaframkvæmdirnar 2015 að réttast væri að færa norður fyrir húsið vegna skaflamyndunar í kringum hann. Við því var ekki orðið og því stendur brunahaninn einnig í veki fyrir hugsanlegu bílastæði sunnan megin.

Það er ósk okkar að bæjaryfirvöld skoði með opnum huga ofantaldar ábendingar,

virðingarfyllst,

Rógnvaldur Þór Óskarsson

kt. 121052-3509

duggadugg@snerpa.is

Védis Geirs dotti

Védis Geirs dotti

kt. 010464-4399

duggadugg@gmail.com

